

Schneider gegn Þýskalandi
Dómur frá 15. september 2011
Mál nr. 17080/07
8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu
Börn. Faðerni. Umgengnisréttur.

1. Málsatvik

Kærandi, Michael Schneider, er þýskur ríkisborgari fæddur árið 1958. Hann býr í Fulda í Þýskalandi. Hann var á tímabili í ástarsambandi við gifta konu, H, og telur sig vera kynföður sonar hennar F sem fæddist árið 2004. Eiginmaður H er faðir F samkvæmt lögum. H og eiginmaður hennar viðurkenndu að mögulegt væri að F sé sonur kæranda en neituðu að láta framkvæma faðernispróf á F. Samkvæmt þýskum lögum á kærandi hvorki rétt á að láta reyna á faðerni F fyrir dómstólum eða með öðrum úrræðum né rétt á upplýsingum um hann eða umgengni við hann. Var kröfum kæranda þess efnis því hafnað af þýskum dómstólum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

Kæran

Kærandi taldi að brotið hefði verið gegn réttindum hans samkvæmt 8. gr. sáttmálans þar sem honum hefði verið neitað um umgengni við F. Kærandi reisti kæru sína sérstaklega á því honum væri ókleift að láta kanna raunverulegt faðerni F eða hvað væri hagsmunum F fyrir bestu. Hann hélt því einnig fram að sér hefði verið mismunað og brotið hefði verið gegn 8. gr., sbr. 14. gr., sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að ekki væri hægt að útiloka að réttur kæranda til fjölskyldulífs samkvæmt 8. gr. sáttmálans hefði verið takmarkaður. Litið var til þess að þótt kærandi og H hefðu aldrei búið saman hefðu þau verið í rúmlega árs löngu sambandi sem ekki hefði verið tilviljanakennt. Kærandi hefði sýnt áhuga á fæðingu F, enda hefði hann skipulagt barneignina með H, fylgt henni í læknisskoðanir vegna þungunarinnar og haldið fram faðerni sínu áður en F fæddist. Í öllu falli varðaði sú spurning, hvort kærandi ætti að fá að njóta umgengni við F og fá upplýsingar um hagi hans, einkalíf kæranda sjálfs í skilningi 8. gr.

Talið var að takmörkunin á réttindum kæranda hefði stefnt að því lögmæta markmiði að tryggja hagsmuni annarra, þ.e. hagsmuni hjóna og barna þeirra sem byggju með þeim.

Aftur á móti taldi dómstóllinn að þýskir dómstólar hefðu ekki gætt meðalhófs við takmörkun á réttindum kæranda samkvæmt 8. gr. Dómstóllinn leit til þess að þýskir dómstólar hefðu neitað að skoða mál kæranda vegna þess eins að hann var ekki faðir F samkvæmt lögum og að þess vegna hefði aldrei verið framkvæmt mat á þeim hagsmunum sem vógust á í málinu. Dómstóllinn vísaði til fordæmis dómstólsins þar sem þýskir dómstólar voru taldir hafa brotið á réttindum kynföður barns en í því tilviki hafði verið vísað til þess að kynfaðirinn hefði ekki haft nein önnur tengsl við son sinn. Dómstóllinn féllst á að innanlandsdómstólar væru betur til þess fallnir en alþjóðlegur dómstóll að meta hvort hagsmunir barna stæðu til að eiga samband við kynföður sína, vegna nálægðar þeirra við atvik máls og aðila þess. Í ljósi þess hversu margbreytilegar aðstæður geta verið frá einni fjölskyldu til annarrar í málum af þessum toga, þarfnadist mat á því hvernig hagsmunir aðila vegast á gaumgæfilegrar skoðunar í hverju og einu tilviki. Í máli kæranda hefðu dómstólar hins vegar ekki sinnt þeirri skyldu að leggja slíkt mat á sérstök atvik þess. Var því talið að brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans. Ekki þótti ástæða til að fjalla um það hvort brotið hefði verið gegn 8. gr. og 14. gr. sáttmálans saman.

Kæranda voru dæmdar 5 þúsund evrur í miskabætur og 10 þúsund evrur í málskostnað.